

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540

Blessun

Eftirspil

Intermezzo úr Cavalleria Rusticana
P. Mascagni

Prestur: *Sr. Örn Bárður Jónsson*
Organisti: *Jónas Þórir*
Einsöngur: *Kolbeinn Ketilsson*
Einleikur á fiðlu *Sigrún Eðvaldsdóttir*
Einleikur á klarinetu: *Guðni Franzon*
Kór: *Félagar úr Kammerkór Bústaðakirkju*
Umsjón útfarar: *Rúnar Geirmundsson*

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í safnaðarheimili Neskirkju að athöfn lokinni.*

Jarðsett verður í Fossvogskirkjugarði. J-589.

Þeim sem vilja minnast Selmu er bent á MS-Félag Íslands

Minningarorðin verða birt á vefsíðunni: ornbardur.com



Selma Samúelsdóttir

Fædd 4. desember 1927

Dáin 24. júlí 2015



Útför frá Neskirkju
föstudaginn 14. ágúst 2015

Forspil

Bæn

Almennur söngur

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphefðin mín. Hljóma skal harpan mín: :,: Hærra, minn Guð, til þín, :,: hærra til þín.	Sofanda sýndu þá sólstigans braut upp í þitt eilífa alföðurskaut. Hljómi svo harpan mín: :,: Hærra, minn Guð, til þín, :,: hærra til þín.
---	---

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Matthías Jochumsson - Lowell Mason 1856

Ritningarlestur

Einsöngur

Máriuvers

Davíð Stefánsson - Páll Ísólfsson

Ritningarlestur

Einsöngur

Í fjarlægð

Valdimar Hólm Hallstað - Karl O. Runólfsson

Guðspjall

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlið,
með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð?
Geym, Drottinn, okkar dýra land,
er duna jarðarstríð.

Hver á sér meðal þjóða þjóð,
er þekkir hvorki sverð né blóð,
en lifir sæl við ást og óð
og auð, sem friðsæld gaf?
Við heita brunna, hreinan blæ
og hátign jökla, bláan sæ
hún unír grandvör, farsæl, fróð
og frjáls - við yzta haf.

Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,
um eilífð sé þín gæfa tryggð,
öll grimmd frá þinni ströndu styggð
og stöðugt allt þitt ráð.
Hver dagur liti dáð á ný,
hver draumur rætist verkum í,
svo verði Íslands ástkær byggð
ei öðrum þjóðum háð.

Hulda - Emil Thoroddsen

Minningarorð

Einleikur

Méditation úr Thaïs

J. Massenet

Bæn og Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Sveinbjörn Egilsson - Peter Casper Krossing

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson - Peter Casper Krossing